



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **jan 2022** Efni þarf að berast í síðasta lagi **6. jan 2022**

## *JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA.*

*Sendum íbúum Hrunamanna-  
hrepps, sumarhúsaeigendum og  
öllum viðskiptavinum nær og  
fjær,  
hugheilar jóla og nýárskveðjur  
með þakklæti fyrir árið sem er  
að líða.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk  
Hrunamannahrepps*

Des 2021  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

31 árgangur.  
366 tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Þá er desembermánuður runninn upp, jólin á næsta leyti og þetta árið er alla vega jólasnjórinn til í að láta sjá sig. Það er tafsamara að koma upp jólaljósunum á vegum sveitarfélagsins þar sem nýjir ljósastaurar kalla á nýjar lausnir en vonandi náum við að gera þetta dálítið kósí og ef vel viðrar náum við vonandi að koma lýsingu á Öldu aldanna í fyrsta skipti.

Varðandi jólasnjóinn og snjómokstur er það að segja að það er verðugt verkefni að sinna því í sveitarfélaginu þannig að allir séu nokkuð sáttir og flókið verkefni í raun. Það er alltaf þúsluspil að ná takti við Vega-gerðina og þeirra vegi en bæði verktaki og sveitarfélagið eru að gera sitt besta að láta þetta tikka saman. Þessu brasi fylgja alltaf fylgikvillar sem geta komið vegna bilunar í tækjum, lesa í veðurspár, forgangsraða akstri og tímasetja og eflaust er þetta verkefni sjálfstæð fræðigrein.

Ekki erum við alveg laus við Covidpestina og þurftum við að glíma við smit í starfsmanna- og nemendahópi Flúðaskóla en sem betur fer virðist smitið hafa náð minniháttar útbreiðslu. Þó við séum orðin sjóud í þessu brasi þá hefur þetta alltaf þær afleiðingar að nauðsynlegt er að staldra við sem hefur í för með sér þjónustuskerðingu í stofnunum sveitarfélagsins. Reynslan kennir okkur hins vegar að farsælast sé að bregðast kröftuglega við og lesa síðan á Covidspilin. Ég verð að hrósa starfsfólki sveitarfélagsins, foreldrum og nemendum fyrir góð viðbrögð en þó sérstaklega stjórnendateymi Flúðaskóla sem hefur lagt á sig mikla vinnu við vinnslu upplýsinga fyrir smitakningu og samskipti við for-eldra- og nemendasamfélagið. Ég hvet síðan alla til að bólusetja sig í drasl til að vernda sjálfa sig og aðra fyrir veirunni.

Við erum greinilega orðin fræg fyrir ljósin okkar en það eru nú ekki hefðbundin ljós heldur ljósleiðaramýs. Maður fer að halda að það sé einhver sérsakur stofn af músum sem eru hér á sveimi sem hafa áhuga á að tengjast heiminum til að fylgjast betur með hvað er að gerast í alheimsmúsaheiminum. Er þetta verðugt verkefni fyrir dýrafræðinga að rannsaka. Því miður fyrir ljósleiðaramýsna þá hefur hið vonda Hruna-ljós gripið til aðgerða þar sem ljósleiðarmýsna vilja ekki borga leigu af tengiskápunum eða fyrir tjónið sem þær valda og takmarkað mjög aðgengi að „húsnæðinu“ þannig að trúlega eru greyin að verða að úti-gangsljósleiðaramúsum.

Hrunamannahreppur er núna að vinna að staðfestingu á jafnlaunavottun sveitarfélagsins sem fram fór í fyrsta skipti í fyrra. Kyndbundinn launamunur mældist þetta árið 0,5% körlum í hag í stað 2,2% í fyrra og enginn óútskýrður launamunur reyndist vera fyrir hendi. Við erum því á rétttri leið en það er mikilvægt að vera alltaf á púlsinum til að réttlæti ríki í launaheiminum.

Núna er sveitarstjórn að fara að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 sem og áranna 2023-2025 þar sem línurnar eru lagðar og ákveðið í hvaða verkefni farið verður í. Við erum að gera ráð fyrir að sveitarfélagið verði rekið með nokkrum hagnaði á næsta ári sem ætti vonandi að geta nýst okkur í fjárfestingar og framkvæmdir og þá komið í veg fyrir einhverjar lántökur

Annars hefur í vinnu við fjárhagsáætlun verið reynt að taka tillit til aðstæðna og viðmið við gjaldskrárhækkunar verði almennt um 3%. Það eru þó frávík frá því til hækkunar eins og vegna afsetningar á úrgangi og í fráveitumálum sem eru afar kostnaðarsamir málaflokkar. Það er þó orðin hjálp í því að ríkið endurgreiðir 30% af fjárfestingarkostnaði vegna fráveitna og eru það verulegar fjárhæðir sem munar um.

Þá er verið að hugsa til barnafjölskyldna því gjaldskrá leikskólagjalds á kjarnatíma hækkar ekki og gjaldfrjálst verður einnig fyrir fjóra elstu árgangana frá og með haustönn 2022 og almennt er reynt að huga að því að gjaldskrá vegna þjónustu við börn hækki lítið sem ekki neitt.

Byrjað er að huga að framkvæmdum í kjallara Heimalands til að bæta aðstöðu fyrir VISS og eldri borgara. Það er líka verið að huga að aðgengismálum í fleiri stofnunum en við sóttum um styrk til Jöfnunar-sjóðs til að koma upp lyftu í Félagsheimilinu og vonandi fáum við jákvætt svar til að geta farið í þá nauðsynlegu framkvæmd. Við þurfum stöðugt að hafa auga með því þegar við erum í einhverjum framkvæmdum að reyna að hugsa um aðgengi fyrir alla ef það er nokkur möguleiki að koma því við. Á ég t.d. von á því að þegar hringtorgið og tengdar framkvæmdir við Félagsheimilið klárast að þar verði m.a. mikill munur á aðgengi fyrir alla miðað við fyrri tíð.

Nú hefur sveitarfélagið selt fasteignina Ásastíg 6b sem bætist við á árinu sölu á Smiðjustíg 7 sem var seldur til niðurrifs. Það er reyndar mjög ánægjulegt að sjá að Bjarni Sverris er byrjaður á parhúsi á grunni hins gamla húss og það gleður alltaf þegar ný og betri hús rísa á grunni þeirra sem eru orðin lúin. Annars þarf sveitarfélagið aðeins að huga að framtíðinni varðandi húsnæði fyrir mismunandi hópa en verið er að leggja grunn að því að sveitarfélagið verði með öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi hluti af húsnæðissjálfseignastofnun sem er ætluð til að halda utanum húsnæði fyrir fatlað fólk.

Annað verkefni sem verið er að huga að samstarfi um, er að sveitarfélagið þarf að setja sér loftslags- og umhverfisstefnu og í framahaldinu koma sér upp losunarbókhaldi. Verið er að spá í að vinna líka stefnu með sveitarfélögunum í Uppsveitum og mögulega Flóahrepp. Þá eru sveitarfélögin á Suðurlandi líka að vinna að sameiginlegri svæðisáætlun um skipulag á miðhálandinu sem er mjög skynsamleg aðgerð og gott innlegg inn í væntanlegar þælingar um hálendið.

Það er síðan gaman að þegar nú er ekið út úr hreppnum til suðurs að Ístak hefur hafið vinnu við byggingu nýrrar tvíbreiðrar brúar yfir Stóru-Laxá. Þó maður hafi aðeins bőlvað því að nýja brúin hafi einmitt þurft að lenda ofan á vatnslögn sveitarfélagsins og vegna hennar þurfi að færa ljósleiðarann þá eru það smámunir við þá miklu samgöngubót sem þessi framkvæmd verður.

Í tilefni jóla- og áramóta vil ég minna fólk á að athuga með reykskynjara og slökkvitæki í hýbýlum sínum. Endilega prófið því reykskynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalningu niður á Selfoss m.a. til Slökkvitækjaþjónustu Brunavarna Árnessýslu og fá rafhlöður hjá þeim í reykskynjara sér að kostnaðarlausu.

Varðandi jólin minni ég á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettándabrenna“ og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður laugardaginn 8. janúar 2022.

Njótum aðventunnar, stemmingarinnar og reynum að upplifa hinn sanna jólaanda. Að lokum vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunamannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Eigum góð og gleðileg jól saman.

Jón G. Valgeirsson  
Sveitarstjóri

**Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.**

**Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.**

**Vinsamlegast pantið tíma í síma**

**845-9816 Halyna.**



## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -  
Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf



### *Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

#### *Opnunartími.*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00,*

*Föstudaga: 09:00-12:00*

**Sími: 480-6600**

**Um jól og áramót er opið:**

**23.desember: 09:00-12:00**

**28, 29, 30, hefðbundinn opnunartími**



Hrunamannahreppur

**LOKAÐ: 24 – 27 desember, 31.des**  
**og 1 - 3. janúar 2022**

***Gleðileg jól.***



# RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf  
í umhverfis-  
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

## Sundlaugin á Flúðum.

### Vetraropnun:

Mánudaga til miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: **LOKAÐ**


Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



### Jól og áramót:

**LOKAÐ: 23,24,25,26,30, og 31. desember, og 1. janúar 2022.**

**27, 28, og 29. desember, hefðbundin opnun.**



## Flokkunarhornið.

**Jólapappír og bönd mega fara í bláu tunnuna.**



shutterstock.com · 551273596

*Gleðileg jól*



**LANDSTÓLPI 20**  
ára  
-2000-2020-

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!  
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17 | Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15  
alla virka daga.**

**Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið  
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf  
að liggja fyrir .**

**Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is**

# Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035

### **Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!**

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga,  
föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið  
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa sam-  
band við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355



# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

**Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.**



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

# Íþróttahús: vetur 2021-2022



Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
								12:30-13:30	Íþróttaskóli 1&2.b
14:00-15:00	14:10-15:10						14:00-15:00	13:30-15:00	7.-10. fl.
Eldri borg	Mb. 3-6.b						Tími eldri borgara		
		15:00-16:00		15:00-16:00		15:10-16:10			
		7.-8. flokkur		Íþróttaskóli 1. & 2. b		Minnibolti 3.-6. b.			
16:10-17:10	16:10-17:10		16:10-17:30	16:10-17:30		16:10-17:20		16:00-17:30	
Frjálssar: 1-5	Fjölsktími		Mb. 3-6.b	Frjálssar 6.-10. b.		7.-8. flokkur		Fjölskyldutími	
17:10-18:30		17:30-19:00		17:30-19:00		17:20-18:30		17:30-19:00	
Frjálssar 6.-10. b.		9.-10. flokkur		7.-10. flokkur		9.-10. flokkur		M.fl KK	
19:00-20:30		19:00-20:30	19:00-20:30	19:00-20:30		18:30-20:00	18:30-20:00		
M.fl KK		Blak KVK	Blak KK	M.fl KK		M.fl KK	Blak KVK		
20:30-21:30	20:30-21:30	20:30-22:00		20:30-21:30	20:30-22:00	20:00-21:30	20:00-21:30		
Öldb Karfa		Drengjafi & meistara		Karfa konur	Öldb Karfa	Blak KK	Öldb. fótbolt		

## Tækjasalur: opið um helgar ef það er leikur í íþróttahúsi, fylgist með á fésbókarhópi íþróttahúsins: "Íþróttahúsið Flúðum"

Vetur 2021-2022



Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
					13:00 Salur opnar
					Frjálssar
					14:00
					15:00
16:00	Salur opnar	Salur opnar	Salur opnar	Salur opnar	
17:00			9.-10. fl.		
18:00					Lokar 18:00
19:00			M.fl KK		
20:00					
21:00					
	Lokar 21:30	Lokar 21:30	Lokar 21:30	Lokar 21:30	



# JÓLAOPNUN LITLU BÆNDABÚÐARINNAR Á MELUM

## OPÍÐ DAGANA:

21.12 ÞRIÐJUDAGUR 11:30-17:30

22.12 MIÐVIKUDAGUR 11:30-17:30

28.12 ÞRIÐJUDAGUR 11:30-17:30

29.12 MIÐVIKUDAGUR 11:30-17:30

30.12 FIMMTUDAGUR 11:30-17:30

02.01 SUNNUDAGUR 11:30-17:30

TEKUR VIÐ VENJULEGUR OPNUNARTÍMI

Við óskum ykkar gleðilegra jóla og farsældar

á nýju ári

Fjölskyldan á Melum





**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slokkvitaeki@babubabu.is](mailto:slokkvitaeki@babubabu.is)



## Íþróttahús og tækjasalur.

Opnunartími yfir hátíðirnar:

23-26 des lokað.

27-30 des opið 16:00-21:30.

31 des-2 jan lokað.

Gleðilega hátíð ☺





Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

## Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



---

Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufræðingur  
Sími: 858-3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

---

# JÓLÁFLÚÐUM

kl. 20:00

## 11. DESEMBER

### Í Félagsheimili Hrunamanna

Fram koma: Guðmundur Karl Eiríksson,  
Antonia Hevesi, Gissur Páll Gissurarson,  
Guðbjörg Bjarnar Guðjónsdóttir, Jóhann  
Sigurðarson, Sara Isabel Gunnlaugsdóttir  
Sarabia, Sigrún Hjálmtýsdóttir  
og sönghópurinn I Primi



Miðasala fer fram á Tix.is

Miðaverð 4.700 kr.



## Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16  
Tím pantanir í s: 8676580



# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



### ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.  
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.  
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning  
eða reglubundna flutningsþjónustu.

# EIMSKIP

Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Miðvikudaginn 17 nóvember varð KALLI Gunnlaugs níræður og vorum við með smá kaffi og köku í tilefni þessa áfanga. Þess má geta að þessir heiðursmenn við bridge-borðið, Garðar Olgeirsson, Karl Gunnlaugsson og Guðmundur Böðvarsson voru allir stofnfélagar árið 1967. Annars hefur spilamennskan gengið sinn vana gang. Fyrir hönd bridgefélagsins Valdimar Stefán Sævaldson







Alda aldanna mætt á  
stallinn sinn.



Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu fyrir alla aldurshópa svo það er um að gera að kíkja á hvað bíður í hillunum eða hafa samband.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Endilega munið að skila bókum ef einhverjar finnast í jólatiltektinni. Skilalúgan er alltaf opin.

*Bestu óskir um gleðileg jól og  
farsælt komandi ár.  
Bökkum góðar stundir og  
ánægjuleg samskipti á  
árinu sem er að líða.*



*Á bókasafninu má finna frið og rá frá amstri dagsins, verið hjartanlega velkomin.*


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.

## Frá barnaskemmtunarnefnd kvenfélagsins.

Ákveðið hefur verið að fella niður jólatrésskemmtun félagsins núna annað árið í röð vegna samkomutakmarkana. Fyrsta barnaskemmtun félagsins átti að fara fram í desember 1943 en var þá felld niður vegna ófærðar. Skemmtunin hefur síðan verið haldin árlega, lengst af milli jóla og nýárs, þangað til veiruskömmin sem hefur verið að hrella okkur kom til sögunnar og setti allt úr skorðum. Sjáumst vonandi á jólatrés-skemmtun 2022.

Kveðja Marta og Ingibjörg.



## Skötuveisla Við Faxa.

Við verðum með skötuveislu í hádeginu á þortáksmessu frá klukkan 12 til 14.

(ef sóttvarnarreglur leyfa)

Á borðum verður skata og saltfiskur ásamt klassísku meðlæti.

Verð 2.800 kr. á mann

Hálfvirði fyrir börn á grunnskólaaldri og frítt fyrir yngri.

Borðapantanir í síma 774 7440 í síðasta lagi 22. des.



**LYFJA SELFOSSI**

## ÚTIBÚ LAUGARÁSI

**BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI**

**OPIÐ**

**10-16 mán - fim**

**Lokað fös - sun**



# Jólatrjáasala

## Björgunarfélagsins Eyvindar



Okkar árlega jólatrjáasala verður  
í húsnæði okkar að Smiðjustíg 8  
á Flúðum 11. og 12.des.

Salan verður opin:  
**kl 13:00 til kl 18:00 laugardaginn 11.des.**  
**kl 13:00 til kl 16:00 sunnudaginn 12.des.**

Allar helstu tegundir í boði.

Hlökkum til að sjá ykkur, heitt kaffi á könnunni.

*Með jólakveðju Björgunarfélagið Eyvindur*